

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1993

30. apríl 1993

157

Nr. 33

LÖG

**um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum
við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, eins og þeim var breytt með lögum nr. 30/1990, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

27. apríl 1993

Nr. 34

LÖG

um leiðsögu skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Stjórn leiðsögumála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn leiðsögumála. Vitastofnun Íslands fer með framkvæmd leiðsögumála svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og lögum um vitamál.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Skip: Hvert það far sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna, og notað á sjó.

Leiðsögumaður: Sá sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið svæði.

Leiðsöguskylda: Skylda til að nota leiðsögumann við siglingu skipa um ákveðið svæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnsögumaður: Leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnarsvæði. Hafnsögumaður er ráðinn af viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnsöguskylda: Skylda til að nota hafnsögumann við siglingu skipa um ákveðið hafnarsvæði eða við ákveðnar aðstæður.

A 12

Steindórsprent Gutenberg hf.